



Alþingi Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 10.12.2014  
Tilvísun: 201411-0029

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum (aldurstengd örorkuuppbót), 35. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, 35. mál.

Með frumvarpinu er lögð til viðbót við 21. gr. laganna þess efnis að þeir örorkulífeyrisþegar sem fá greidda aldurstengda örorkuuppbót fyrir 67 ára aldur fái hana einnig eftir að þeir ná 67 ára aldri og fá greiddan ellilífeyri. Markmið breytinganna er að koma í veg fyrir að þeir örorkulífeyrisþegar sem fengið hafa greidda aldurstengda örorkuuppbót fyrir 67 ára aldur verði ekki fyrir tekjutapi við það eitt að ná 67 ára aldri eins og nú er raunin hjá ákveðnum hópi.

Alþýðusamband Íslands styður markmið breytinganna og telur eðlilegt að horfa til þess að markmið aldurstengdu uppbótarinnar er að bæta kjör þeirra sem orðið hafa öryrkjar snemma á starfsævinni og hafa því haft takmarkaða möguleika á að safna sér upp réttindum í lífeyrissjóðum. Í þessu sambandi er þó bent á að nú stendur yfir vinna við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar í fjölskipaðri nefnd sem áætlað er að skila tillögum til ráðherra á næstunni. ASÍ telur því eðlilegt að umræddar tillögur verði ræddar og settar í samhengi við þá heildarendurskoðun.

F.h. Alþýðusambands Íslands

A handwritten signature in blue ink, reading 'Henny Hinz'.

Henny Hinz  
hagfræðingur